

## Pægindi í sumarhúsið

Talsverð breyting hefur hefur orðið undanfarin ár á sumarhúsbyggðum, bústaðir stækkað og eru kröfur sumarhúsaeigenda einnig þær að hafa sem flest nútímapægindi í bústöðum sínum og er heitt vatn eitt þar ofarlega á lista. Enda gefur heitt vatn sumarhúsum allt aðra nýtingarmöguleika. Við Íslendingar teljum heitt vatn til grunnþarfa okkar en gleymum oft að þessi orka okkar telst til munaðar víða í heiminum. Orkuveita Reykjavíkur hefur í mörg ár séð um rekstur allnokkurra hitaveitna í vinsælum sumarhúsabyggðum sunnan- og vestanlands og hefur mikið verið lagt upp úr því að kynna fyrir húseigendum kosti heita vatnsins. Margir líta á heita pottinn sem punktinn yfir ið þegar kemur að þægindum í sumarhúsinu enda nýtist heitur pottur allri fjölskyldunni.

## Hitaveitukynntur eða rafmagns?

Þegar kemur að vali á heitum potti stendur það á milli hitaveitukyntra potta og rafmagnskyntra.

Helsti kosturinn við hitaveitukynta potta fyrir utan lágan rekstrarkostnað, er að vatnið er alltaf „nýtt“ í pottinum sem er ólíkt rafmagnspottum þar sem sama vatnið er notað vikum og jafnvel mánuðum saman. Til að hægt sé að nota sama vatnið í svo langan tíma þarf að nota allskyns hreinsi- og sóttvarnarefni, viðhafa mælingar um ástand vatnsins og viðeigandi hreinsibúnaður verður að vera til staðar í pottinum. Helstu kostir rafmagnspotta er að þá er hægt að nota þar sem hitaveitu nýtur ekki við.

## Kostnaður heitra potta

Lengi vel hefur þess misskilnings gætt það sé dýrara að reka hitaveitukyntan pott heldur en rafmagnskyntan en slíkt er ekki rétt. Meðfylgjandi er gróf viðmiðun um orkukostnað á heitum pottum. Hafa ber í huga að ef pottur er notaður regluga þ.e. tvisvar eða oftar í viku ætti í flestum tilfellum að vera hagstæðara að hafa sírennsli í hitaveitukynntum potti í stað þess að fylla og tæma í hvert skipti. Ef potturinn er mikið notaður, opinn lengi í senn og oft í viku er væntanlega mun ódýrara að reka hitaveitukyntan pott sérstaklega ef einangrunin er góð.

Skipt um vatn	Notkun	Rafmagn	Heitt vatn
1 skipti fylltur og tæmdur pottur	1 skipti	627,00 kr	154,00 kr
3 mánaða fresti	2 til 3 í viku	27.205 kr/ári	13.726 kr/ári
1 sinni í mánuði	2 til 3 í viku	31.326 kr/ári	14.107 kr/ári
2 sinnum í mánuði	2 til 3 í viku	37.509 kr/ári	14.678 kr/ári
2 sinnum í mánuði	3 til 4 í viku	45.967 kr/ári	22.771 kr/ári

Forsendur útreikninga:

Í útreikningum er gert ráð fyrir öllum neðangreindum aukabúnaði bæði í hitaveitu- og rafmagnskyntum pottum.

5-7 manna einangruð útisetlaug með einangruðu

loki

1.300 lítra pottur m.v. 39°C hitastig

Rafhitari 3 kW hitar pott um 2°C/klst.

Lýsing í potti 0,012 kW

Varmatap m.v. 0,5°C/klst.

Hringrásadæla 0,55 kW

Útihiti 0 °C

Vatnsnudd 1,20 kW

Ath. Umhirðu og rekstrarkostnaður er ekki innifalinn í ofangreindum dæmum . Verðskrá OR 1. Júlí 2008

Mikilvægt er að hafa í huga að staðsetning og einangrun potta hefur einnig áhrif á rekstrarkostnað

**Hitaveitukyntir pottar** eru ýmist fylltir af heitu vatni fyrir hverja notkun eða haft er stöðugt rennsli af vatni í pottinn til að hann sé ávallt tilbúinn til notkunar. Nokkrir íslenskir aðilar eru að framleiða og selja hitaveitukynta potta. Má þar m.a. nefna:\*

- Trefjar; sími 555-1027, heimasíða <http://www.trefjar.is>
- Normex; sími 565-8899, heimasíða <http://www.normx.is/>.
- Samtak; sími 565-1670, heimasíða <http://www.samtak.is/heitir%20pottar.htm>.

\* Ef þú veist um fleiri innlenda aðila sem framleiða heita potta þá vinsamlegast hafið samband við Markaðsdeild OR.

Mjög mikilvægt er að fólk gæti að öryggi í umgengni á heitum pottum, bæði hvað varðar hitastigið á vatninu og að hafa ætíð lok á honum þegar hann er ekki í notkun.

Orkuveitan veitir allar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig best er að standa að lögnum við bústaði og þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að njóta heita vatnsins áhyggjulaus.

Hikið ekki við að hafa samband ef Orkuveita Reykjavíkur með starfsemi í þinni sumarhúsabyggð og þig vantar heitt vatn í sumarhúsið.

